



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Úrdráttur úr fundargerðum

Útgáfa 4 ágúst 2003

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 24. júní

Fyrri umræða um ársreikninga tekin fyrir. Starfsmaður frá KPMG, Helga Sigríður Böðvarsdóttir, var með útskýringar á reikningunum.

Fundur 25. júní

Ákveðið var að höfnin verði með hafnarstjórn í eigu Sveitarfélagsins og gegnir sitjandi hreppsnefnd störfum hafnarstjórnar og verður samþykktum breytt í samræmi við þessar breytingar.

Ákveðið var að fullnýta þá gjaldskrá sem fyrir liggur í gjaldskrá fyrir hafnir fyrir Bakkafjarðarhöfn.

Kosning oddvita og varaoddvita. Sömu voru kosin einróma aftur.

Starfsleyfi frá HAUST (Heilbrigðiseftirlit Austurlands) fyrir tjaldsvæðið barst.

Fundur 26. júní

Sameiginlegur fundur hreppsnefndar og skólanefndar. Umræður um skólamál (skólastjóra- og kennaraleysi). Búið er að auglýsa 6 sinnum en skyldan er 3 sinnum, ákveðið að halda áfram að auglýsa í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu.

Vilji er fyrir því að halda leikskólanum opnum áfram þó séð verði fram á að 1 barn verði á haustönn.

Fundur 28. júní

Fundur haldinn með starfsfólki leikskóla. Leiðum velt upp hvernig hægt sé að tengja leikskólastarfið við skólann, t.d. íslenskukennslu fyrir erlendu börnin.

Fundur 1. júlí

Ársreikningar 2002 síðari umræða. Voru þeir samþykktir samhljóða einnig var lögð fram gjaldskrá hafnarinnar til síðari umræðu og var hún samþykkt samhljóða.

Fundur 14. ágúst

Búið er að ganga frá ráðningu skólastjóra og kennara.

Farið var yfir verkefnastöðu útiverka. Vel hefur gengið að framkvæma það sem til stóð og er verkefnum sumarsins að mestu lokið.

Búið er að fá tilboð í lagfæringar á vatnskerfi á Skólagötu 5. Tilboð kom frá Bílum og Vélum og hljóðaði það upp á 1.500.000 kr. fyrir utan dælur og ketil. Ákveðið var að kanna hvernig hreppurinn er tryggður vegna þessa.

Mælifell er u.þ.b. að hefja vinnu við seinni hluta hafnarverksins.

Til stendur að selja 1/6 í Bakka III, forkaupsréttur hreppsins verður ekki nýttur.